

**Nd.**

**435 Nefndarátt**

um frumvarp til laga um innflutningsgjald af bensíni til viðhalds vegum.

Frá fjárhagsnefnd.

Á þinginu 1919 flutti fjárhagsnefnd neðri deildar frumvarp til laga um bifreiðaskatt, og var þar lagt til að miða upphæð skattsins við tölu þeirra manna,

er bifreiðin læki. Í greinargerðinni er gert ráð fyrir 400 kr. meðaltalsskatti af hverri fólksflutningabifreið. Í sama frumvarpi er einnig lagt til, að greiddur sje 200 kr. skattur árlega af bifreiðum, sem eingöngu eru notaðar til vöruflutninga. Fyrir þessu frumvarpi eru aðeins færðar þær ástæður, að bifreiðarnar spilli mjög vegum, og verði því að teljast sanngjarnt, að lagður sje á þær skattur til endurbóta á þessum vegaskemdum.

Undir umræðum um málið í neðri deild kom það í ljós, að hjer var um alltilfinnanlegan skatt að ræða, og við 3. umræðu var skatturinn lækkaður að miklum mun, án þess þó, að grundvellingur væri breytt.

Meiri hluti fjárhagsnefndar Ed. lagði til, að skatturinn yrði enn lækkaður, en einn nefndarmanna var andstæður öllum skatti á bifreiðar. Var frv. felt í Ed. við 2. umr.

Á þinginu 1921 flutti stjórnin frv. til laga um bifreiðaskatt, og var þar lagt til, að greiða skyldi 15 kr. árgjald af hverri hestorku mannfutningabifreiða, en þriðjungi lægra gjald af vöruflutningabifreiðum. Fyrir þessu frumv. voru einkum færðar sömu ástæður og frv. 1919, en jafnframt er þess getið, að rjettmætt sje að leggja aukaskatt sem »luxus«-skatt á mannfutningabifreiðar, því að þær sjeu að eigi alllitlu leyti notaðar til ferða, sem ekki geti talist nauðsynlegar.

Fjárhagsnefnd Nd., að einum nefndarmanna undanteknum, fjelst á ástæðuna fyrir frv., en vildi lækka hestorkuskattinn niður í 12 kr. Einn nefndarmanna var á móti öllum bifreiðaskatti. Undir meðferð málsirs í þinginu var skatturinn lækkaður niður í 8 kr. af hestorku mannfutningabifreiða, en fjórðung þessa gjalds af vöruflutningabifreiðum, eins og sjá má af lögum nr. 56, 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

Fyrir því er nú fengin margra ára reynsla, að bifreiðaumferðin spillir mjög vegum hjer á landi, og miklu meira en í nágrannalöndunum. Verður því að teljast sanngjarnt að leggja á bifreiðar nokkurn skatt til viðhalds vegunum og haga honum þannig, að af hverri bifreið sje goldinn skattur í sem rjettustu hlutfalli við þær vegaskemdir, sem hún veldur. Eu það fer fyrst og fremst eftir því, hve mikið hún er notuð, en jafnframt talsvert eftir stærð hennar og þunga. Nefndin hefir fengið upplýsingar um það, að hestorkutala bifreiðategundanna stendur ekki altaf í sama hlutfalli við stærð þeirra og þunga. Hestorkuskatturinn verður því ekki fyllilega rjettlátur, þótt miðið sje eingöngu við stærð og þunga vjelanna. En þó verður hann miklu fjarri allri sanngirni, þegar miðað er við vegaskemdirnar, sem vitanlega verða því meiri af völdum hveurrar bifreiðar, því meira sem hún er notuð til aksturs. Er því auðsætt, að gildandi bifreiðaskattslöggjöf getur ekki talist rjettlát, þar sem lagður er jafn skattur á bifreiðar í útkjálkum landsins og í öðrum snjóþynglasveitum, þótt aðeins sjeu notaðar sumarmánuðina, og bifreiðar, sem ganga allan ársins hring, ef hestorkutala þeirra reiknast hin sama.

Sannkallaðar luxus-bifreiðar munu hjer fáar finnast, enda altaf álitamál, hvaða bifreiðar geti rjettilega til þeirra talist, einkum í járnbrautarlausu landi. Virðist því hæpin leið að eltast við slíkar bifreiðar með sjerstökum skatti, enda lítils tekjuauka af honum að vænta.

Nefndin telur því fulla nauðsyn á því að endurskoða gildandi bifreiða-

skattslöggjöf, en til þess telur hún sig skorta nægileg gögn að geta gert þetta, svo i lagi sje, á þessu þingi. Danir hafa mjög vandað til þessarar löggjafar og er þar nú fyrir skömmu lagður á bifreiðar þrennskonar skattur: á þunga bifreiðanna, á gúmmihringina og bensín. Telja þeir sig komast næst rjettu lagi með því að þrískifta skattinum þannig.

Nefndin hefir ekki átt kost á áhyggilegum upplýsingum um það, hve mikið er flutt inn árlega af gúmmihringum til bifreiða og eigi heldur um þunga þeirra bifreiða, sem í landinu eru. Einnig þarf það rannsóknar við, hve mikið bensín fer til bifreiðanna. Telur nefndin sig því ekki geta gert ákveðnar tillögur í þessu máli að sinni, en það vera líklegustu leið til rjettlátrar skattalöggjafar að fela stjórninni að rannsaka þetta mál til næsta þings og leggja þá fyrir þing-ið frv. um þetta efni, ef tími vinnst til.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að frv. það, sem hjer ræðir um, verði afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin safni gögnum til undirbúnings endurskoðaðri löggjöf um skatt af bifreiðum og leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um þetta efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Kl. Jónsson, form.	Björn Línal, frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Ásgeir Ásgeirsson.
-----------------------	-----------------------	-----------------------------------	--------------------

Jakob Möller, með fyrirvara.	Halldór Stefánsson, með fyrirvara.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.
---------------------------------	---------------------------------------	-----------------------------------